



Reykjavík, 6. maí 2025

MOS25040001

Til: Borgarráðs

Efni: Greinargerð með kynningu á Torgssjóði

Hér með er lögð fyrir borgarráð kynning á nýju fyrirkomulagi fræðslusjóða er varða félagsfólk Sameykis stéttarfélags, Torgssjóði.

Torgssjóður er nýr fræðslusjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2025, á grundvelli kjarasamnings Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu og Reykjavíkurborgar.

Stofnun sjóðsins er niðurstaða síðustu kjaraviðræðna milli Reykjavíkurborgar og Sameykis, en samtal sem hófst í aðdraganda kjarasamninga og hafði staðið yfir frá árinu 2023.

Aðdragandi málsins var sá að á árunum 2022-2024 greiddi Reykjavíkurborg iðgjöld til fræðslusetursins Starfsmenntar, á grundvelli kjarasamnings við Sameyki (9. mars 2020, bókun 5).

Með þessu var bætt við 0,25% við það framlag sem fram að því höfðu verið greitt í fræðslusjóði sem reknir voru á vettvangi Sameykis.

Í ljós kom að þjónusta Starfsmenntar nýttist borginni ekki nægjanlega vel og þarfir Reykjavíkurborgar aðrar en þeirra sem Starfsmennt var að þjónusta, meðal annars vegna nýrrar stefnu borgarinnar um aukna áherslu á stafræna fræðslu, og einnig vegna innleiðingar á Torginu og nýrrar fræðslustefnu borgarinnar. Samtal hófst milli aðila í upphafi árs 2023 og var strax ríkur vilji til að leysa málið.

Við undirritun kjarasamnings júní 2024 var tekin sú stefna (Bókun 10 í kjarasamningi 2024) að stofna nýjan sjóð á grundvelli kjarasamnings Sameykis og Reykjavíkurborgar.

Þessi sjóður er leið til að nýta betur það 0,25% framlag sem áður hafði verið greitt til Starfsmenntar, með því að það renni beint til þeirra verkefna sem Reykjavíkurborg og starfsstaðir hennar vilja standa fyrir á sviði fræðslumála.

Hinn nýi sjóður, Torgssjóður, sem er í vörslu Reykjavíkurborgar, tók til starfa 1. febrúar sl. Torgssjóður er skilgreindur sem félagasamtök (sama og allir aðrir fræðslusjóðir), með eigin kennitölu og bankareikning.

Framlagi til Starfsmenntar hefur verið hætt, og nú rennur 0,25% af heildarlaunum Sameykisfélaga í Torgssjóð.

Reykjavíkurborg skipar alla stjórnarmenn í Torgssjóð, en Sameyki skipar nú alla stjórnarmenn í stjórn þeirra fræðsusjóða sem Sameyki rekur.

Torgssjóður fékk stofnframlag (leiðréttingarframlag frá Starfsmennt og allar innborganir frá 1. apríl 2024), og stendur nú vel.



Reykjavík



Framundan er aukin kynning á Torgssjóði, meðal annars til fjármálafólks á sviðum Reykjavíkurborgar.

Stofnun Torgssjóðs hefur engin áhrif á einstaklingsstyrki til Sameykisfélaga, sem eru ennþá í gegnum sjóði sem reknir eru af Sameyki, eins og áður var.

Þá hefur stofnun Torgssjóð engin áhrif á möguleika starfsstaða á því að sækja um styrki vegna fræðsluferða erlendis, en slíkar umsóknir fara til þeirra sjóða sem reknir eru af Sameyki.

Torgssjóður styrkir fræðslu verkefni s.s. vegna námskeiða, ráðstefna, starfsdaga, málþinga, til að fá inn fræðslustjóra að láni, láta framleiða stafræna fræðslu og fleira. Stjórnandi starfsstaðar sækir almennt um í Torgssjóð, eða starfsmaður í umboði stjórnanda.

Ítarlegar upplýsingar um Torgssjóð eru komnar á innri vef borgarinnar, ásamt rafrænni umsóknagátt.

Mál þetta er lagt fram til borgarráðs til kynningar, enda litið svo á að heimild til stofnunar sjóðs hafi verið veitt með staðfestingu kjarasamnings við Sameyki 2024.

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri
mannauðs- og starfsumhverfissviði

Hjálagt:

Samkomulag Sameykis stéttarfélags og Reykjavíkurborgar vegna iðgjalda til fræðslumála, 9. janúar 2025



Reykjavík

Samkomulag Sameykis stéttarfélags og Reykjavíkurborgar

vegna iðgjalda til fræðslumála,

Reykjavík 9. janúar 2025

Á grundvelli bókunar 10 í nýgerðum kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu hafa aðilar, undir verkstjórn ríkissáttasemjara, farið í skoðun og greiningu á nýtingu iðgjalda til fræðslumála og fyrirkomulagi fræðslusjóða.

Frá undirritun kjarasamnings árið 2020 breyttist framlag Reykjavíkurborgar til fræðslusjóða og frá 1. janúar 2022 hefur Reykjavíkurborg komið að samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt á grundvelli bókunar 5 í kjarasamningi aðila. Reykjavíkurborg greiddi sem nam 0,25% af heildarlaunum til Starfsmenntar á tímabilinu 2022-2024. Einnig varð sú breyting á að framlag í fræðslusjóð Sameykis hækkaði í 0,92% gegn því að greiðslur í vísindasjóð voru felldar niður og launatafla hækkuð.

Aðilar eru sammála um að greiðslur á iðgjaldi sem nemur 0,25% af heildarlaunum til Fræðslusetursins Starfsmenntar verði hætt.

Aðilar hafa komist að samkomulagi hvernig iðgjöldum til fræðslumála og fyrirkomulagi fræðslusjóða skuli vera háttað. Aðilar eru sammála að frá 1. febrúar 2025 þá verði iðgjald sem nemur 0,25% af heildarlaunum greitt í svokallaðan Torgssjóð sem verði í vörslu Reykjavíkurborgar og áfram verði greitt iðgjald sem nemur 0,92% í Fræðslusjóð Sameykis. Af síðarnefndu upphæðinni rennur 0,1% í mannauðssjóð Sameykis samkvæmt samkomulagi sem gert var 31. mars 2014.

Aðilar eru sammála um að stofnskrá/reglugerð og úthlutunarreglur beggja sjóða skuli liggja fyrir og samþykktar samhliða undirritun samkomulags þessa. Ef gera á breytingar á stofnskrá/reglugerð og/eða úthlutunarreglum sjóða þá skulu þær lagðar fram og samþykktar í starfskjaranefnd aðila. Eigi síðar en mánuði eftir undirritun samkomulags mun Sameyki tryggja leiðréttingarframlag frá Starfsmennt vegna iðgjalda á því tímabili sem þjónusta var ekki fullnýtt af hálfu Reykjavíkurborgar. Leiðréttingarframlagið nemur 63.193.010,- kr. og til viðbótar því kemur það fé sem safnast hefur á vörslureikning frá 1.4. 2024.

Mikilvægt er við þessar breytingar á fyrirkomulagi iðgjalda til fræðslumála að fylgst verði með þróun útgjalda til að tryggja að sjóðirnir standi undir því hlutverki og þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna samkvæmt stofnskrá/reglugerð og úthlutunarreglum. Til að tryggja að svo verði skal fyrirkomulagið og iðgjöld metin á samningstímanum. Skal það gert í apríl ár hvert (fyrsta athugun skal gerð 2026). Aðilar eru sammála um að ef í ljós kemur við árlegt endurmat að iðgjöld hafi safnast upp í öðrum hvorum sjóðnum, Torgssjóði eða Fræðslusjóði Sameykis, þá muni vera gerð leiðrétting á ónýttum iðgjöldum yfir í hinn sjóðinn. Einnig verði þá metið hvort bregðast þurfi við með því að breyta skiptingu iðgjalda milli sjóðanna. Ef annar aðili óskar eftir breytingu á framlagi iðgjalda til sjóða má leita aðstoðar embættis ríkissáttasemjara.

Torgssjóður

Í nýju fyrirkomulagi rennur 0,25% af heildarlaunum alls félagsfólks Sameykis sem starfar hjá Reykjavíkurborg í Torgssjóð. Torgið er hluti af fræðslukerfi Reykjavíkurborgar og verður Torgssjóður starfsþróunarsjóður sem ætlað er að styðja við þróun fræðslumála innan Reykjavíkurborgar, þ.m.t. í stafræna þróun fræðslumála á vettvangi fræðslukerfisins Torgsins. Markmiðið verði að koma til móts við sífellt fjölbreyttara starfsumhverfi starfsfólks og tryggja framboð á fræðsluefni til starfsfólks innan fræðslukerfisins. Torgið þjónustar allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, þar á meðal félagsfólk Sameykis. Í Torginu er fræðsla sem getur nýst fjölda starfseininga og tengist viðvarandi verkefnum deilda/starfseininga/sviða Reykjavíkurborgar.

Torgssjóður styrkir/sinnir verkefnum sem falla að markmiðum Reykjavíkurborgar og starfseininga í starfsþróunarmálum, ásamt því að vera í samræmi við markmið í samþykktum sjóðsins. Iðgjöldin renni til verkefna sem nýtast félagsfólki Sameykis. Stjórn Torgssjóðs verður í höndum Reykjavíkurborgar.

Meðal annars verður hlutverk Torgssjóðs að styrkja eftirtalin verkefni:

- Verkefni sem snúa að þróun mannauðs og leiða af sér nýsköpun, framþróun og/eða breytt verklag.
- Íslenskunámskeið, íslenskufræðsla, íslenskuöpp, samfélagsfræðsla fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.
- Stafræn fræðsla, kaup á aðgengi að stafrænni fræðslu, gerð stafrænna námskeiða.
- Ráðgjafar á sviði mannauðs- og fræðslumála, t.d. fræðslustjóri að láni.
- Gerð fræðsluáætlana/starfsþróunaráætlana.
- Stjórnendabjálfun.
- Fræðsla inn á starfsdaga.
- Fræðsla sem tengist stefnumótun og vottunum.
- Sérstæk verkefni og námskeið innan afmarkaðra starfseininga.
- Sérstakir fundir, ráðstefnur, málþing og önnur verkefni sem Reykjavíkurborg stendur að og ætluð er starfsfólki borgarinnar.
- Starfslokanámskeið.
- Styrkir til að setja upp skilgreint verklag í mannauðsmálum t.d. eftirfarandi:
 - Mannauðsstefna
 - Mannaflagreining og mannaflaspá
 - Starfsgreining, hæfni og starfslýsing
 - Starfsmannasamtal og mat á frammistöðu
 - Starfsþróun, gerð starfsþróunaráætlana
 - Mannauðsmælikvarðar
 - Teymisvinna

Fræðslusjóður Sameykis

Iðgjald það sem greitt hefur verið til Fræðslusjóðsins sem nemur 0,92% af heildarlaunum félagsfólks verður áfram greitt til sjóðsins. Stjórn sjóðsins verður í höndum Sameykis. Markmið sjóðsins er að efla sí- og starfsmenntun sjóðsfélaga til að auka hæfni þeirra og möguleika til starfsþróunar. Meðal annars verður hlutverk sjóðsins að styrkja félagsfólk í eftirtöldum verkefnum:

1) Einstaklingsstyrkir:

- starfsmenntunarstyrkir
- starfsþróunarstyrkir
- vísindaverkefnastyrkir

2) Aðrir starfsþróunarstyrkir

- Styrkir til starfsstaða Reykjavíkurborgar vegna fræðsluferða / sérhæfðra ráðstefnuferða: Deildir innan starfseininga/sviða geta sótt um styrki vegna skipulagðra fræðsluferða og sérhæfðra ráðstefnuferða sem miða að því að þróa starf tiltekins hóps innan vinnustaðarins. Tilgangur ferða þarf að vera að sækja sértæka fræðslu sem er til þess fallin að styðja við þróun á fagsviði/starfsvettvangi. Fræðslusjóður styrkir ekki hvataferðir.
- Þátttaka starfsfólks í námi og náms- og starfsráðgjöf hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt
- Fræðsluverkefni sem Sameyki stendur að fyrir félagsfólk, eins og t.d. *Gott að vita* námskeið.
- Verkefni sem samningsaðilar hafa tekið sérstaka ákvörðun um að vinna saman að, eins og þátttaka Reykjavíkurborgar í verkefninu *Stofnun ársins*.

Aðilar munu á vettvangi Starfskjaranefndar gera grein fyrir starfsemi nýliðins árs beggja sjóða, sundurliðun verkefna og hvernig þau hafa nýst félagsfólki Sameykis. Á sama tíma verður farið yfir ársreikninga. Miða skal við að fundur um þessa liði verði haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.